



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999 með síðari breytingum (lífsskoðunarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum o.fl.). 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 132 – 132. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint lagafrumvarp til breytingar á lögum um skráð trúfélög. MRSÍ skilaði umsögn um frumvarpið til innanríkisráðuneytisins þegar það var í umsagnarferli þar og aftur til Alþingis þegar málið var til umfjöllunar á 140. löggjafarþingi. Áfram er vísað áfram til þeirrar umsagnar sem nálgast má hér <http://www.humanrights.is/media/umsagnir-um-lagafrumvorp/Umsogn-um-skrad-trufelog-og-lifsskodunarfelog-nytt-skjal.pdf>.

Lítillegar breytingar hafa verið gerðar við 4. gr. frumvarpsins er lýtur að nánari skilgreiningu á trúfélögum og lífsskoðunarfélögum og þeim skilyrðum sem uppfyllt þurfa að vera til að slík félög fái skráningu. MRSÍ telur þessar breytingar jákvæðar og gefa skýra mynd af þeim félögum sem falla undir lögin.

Enn fremur leggur MRSÍ áherslu á það að þessi lög verði samþykkt sem fyrst svo þau megi öðlast gildi strax 1. Janúar 2013 eins og þeim er ætlað skv. frumvarpinu.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur